

Til bæjarráðs

Efni: Svar við fyrirspurn um félagslegt húsnæði í Garðabæ

Á fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 15. desember sl. lagði Guðrún Elín Herbertsdóttir, bæjarfulltrúi fram eftirfarandi fyrirspurn.

1. Hvað á Garðabær margar félagslegar íbúðir?

Svar:

Garðabær á 28 félagslegar leiguíbúðir auk fjögurra herbergjasambýla þar sem leigja 15 fatlaðir einstaklingar. Allar íbúðirnar eru staðsettar í Garðabæ og Garðabær á engar íbúðir í öðrum sveitarfélögum.

2. Hvað eru margir á biðlista eftir félagslegri íbúð í Garðabæ?

Svar:

Á biðlista eftir félagslegri leiguíbúð í Garðabæ eru nú alls 40 manns.

3. Hvernig hefur fjöldi félagslegra íbúða í eigu Garðabæjar þróast á undanförunum 2 áratugum?

Svar:

Á árinu 2003 byggði Garðabær 14 félagslegar íbúðir í Arnarási sem upphaflega voru eingöngu námsmannaíbúðir. Þá var á árinu 2008 keyptar tvær íbúðir á Sjólandi og við yfirtöku á málaflakki fatlaðs fólks á árinu 2012 vor keypt fjögur einbýlshús þar sem starfækt eru herbergjasambýli.

4. Hefur Garðabær einhver áform um að fjölga félagslegum íbúðum, og ef ekki, hvers vegna ekki?

Svar:

Á fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er fjárveiting til undirbúnings byggingar á búsetukjarna með 6 íbúðum fyrir fatlað fólk. Fyrir liggur samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar um úthlutun lóðar og fullnaðarhönnun verður lokið fyrri hluta árs 2017. Í framhaldi af því hefjast framkvæmdir við búsetukjarnann. Einnig er í undirbúningi gerð húsnæðisáætlunar fyrir Garðabæ sem mun byggja á greiningu á framboði og eftirspurn eftir leiguhúsnæði.